

# 10. bekkur samfélagsgreinar

Kennarar: Pjetur Stefánsson

## Lýsing

Samfélagsgreinar samanstanda af sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði og trúarbragðafræði. Í lotunni er m.a. lögð áhersla á að efla skilning nemenda á umhverfi, menningu, auðlindum og sögu. Hæfniviðmið samfélagsgreina tengjast grunnþáttum menntunar og er skipt í þrjú flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 8.-10. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

## Markmið

Nemendur fá þekkingu á helstu grunnþáttum samfélagsins. Geti lesið í eigin stöðu og myndað sér heilbrigða skoðun á stöðu sinni í samfélaginu. Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. Sýnt sjálfsaga og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi ólíkra einstaklinga. Vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausum og réttsýnan hátt.

Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn og sér og í samstarfi við aðra.

## Námsefni

Þjóðfélagsfræði; Á ferð um samfélagið. Félagsmótun, menning og samfélag, fjölskyldan, parasambönd, kynhlutverk, vinna og framleiðsla, stjórnmal, trúarbrögð, viðmið og frávik, alþjóðasamfélagið og mannréttindi.

## Kennsluaðferðir

Fyrirlestrar nemenda og kennara, glósugerð, leitarnám, verkefnavinna, einstaklings-, para og hópvinna,

## Námsmat

Símat: Virkni í tímum, sjálfstæði í vinnubrögðum, samvinna, verkefnavinna.

### Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.
- Gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.
- Greint hvernig stjórnámál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.
- Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.
- Útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn.

### Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum.
- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfspemkingar.
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.
- Beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.

### Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.

- Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.
- Vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausum og réttisýnan hátt.
- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.

## Samfélagsgreinar matsviðmið 8.-10. bekkur

- **Námsmat** með hliðsjón af matsviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla

<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>C - hæfni</b> Nemandi getur sýnt fram á <b>sæmilegan</b> skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>B - hæfni</b> Nemandi getur sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>A - hæfni</b> Nemandi getur sýnt fram á <b>mjög góðan</b> skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>C - hæfni</b> Að <b>vissu marki</b> aflað sér, <b>greint</b> og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og mismunandi miðlum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>B - hæfni</b> Á <b>skipulegan</b> og <b>sjálfstæðan</b> hátt aflað sér, <b>hagnýtt</b> og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og mismunandi miðlum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>A - hæfni</b> Á <b>skipulegan, sjálfstæðan</b> og <b>gagnrýninn</b> hátt aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og mismunandi miðlum.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>C - hæfni</b> <b>Lýst</b> mismunandi hugmyndum um lýðræði, <b>að nokkru leyti rökstutt</b> gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>B - hæfni</b> Útskýrt mismunandi hugmyndir um lýðræði, <b>rökstutt</b> gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>A - hæfni</b> <b>Greint</b> og á <b>skýran</b> hátt útskýrt mismunandi hugmyndir um lýðræði, <b>rökstutt</b> á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>C - hæfni</b> <b>Fjallað</b> um áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmynda.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>B - hæfni</b> <b>Greint</b> og fjallað um áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmynda á sjálfstæðan hátt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>A - hæfni</b> Greint og af <b>nákvæmni</b> fjallað um áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmynda á <b>sjálfstæðan</b> og <b>gagnrýninn</b> hátt.</li> </ul>

- **C - hæfni**  
Fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.

**B - hæfni**  
Á **skipulegan** hátt fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.

**A - hæfni**  
Á **skipulegan** og **gagnrýninn** hátt fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.

- **C - hæfni**  
Að lokum **greint** stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat.

**B - hæfni**  
Að lokum **rökrætt** og **greint** stöðu sína, sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat.

**A - hæfni**  
Að lokum **rökrætt** og **greint** á **gagnrýninn** og **skipulegan** hátt stöðu sína, sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat.